

Bókun

Með stofnanasamningi, dags. 28. mars 2006 milli Landgræðslu ríkisins og Félags íslenskra náttúrufræðinga, skv. kjarasamningi félagsins og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, dags. 26. júlí 2001, og breytingu á honum, dags. 18. mars 2005.

Samningsaðilar eru sammála um að með bókun þessari hækki laun á öllum starfsheittum stofnanasamnings dags. 28. mars 2006, um einn launaflokk á grunnröðun. Hækkun vegna starfstíma tekur breytingum skv. því. Launaflokkar hvers starfsheitis verða skv. eftirfarandi:

Starfsheiti

Launaflokkur

N-I Náttúrufræðingur

3

Náttúrufræðingur sem nýtir kunnáttu sína við úrlausn verkefna er krefjast faglegrar hæfni og menntunar. Hann ber faglega ábyrgð á verkþáttum en starfar að jafnaði undir stjórn og leiðsögn annarra. Eftir 1 árs starfstíma færist hann í launaflokk 5 og eftir 3 ára starfstíma færist hann í launaflokk 7.

N-II Náttúrufræðingur

7

Náttúrufræðingur sem starfar að verkefnum er krefjast faglegrar hæfni og sérþekkingar. Hann ber faglega ábyrgð á verkþáttum eða verkefnum í samráði við yfirmann. Eftir 3 ára starfstíma færist hann í launaflokk 9.

N-III Náttúrufræðingur

9

Náttúrufræðingur sem hefur umsjón með viðamiklum verkefnum eða mörgum smærri verkefnum og ber faglega ábyrgð á þeim. Hann sinnir faglegru ráðgjöf, rannsóknum og þróun og áætlanagerð í samráði við yfirmann. Í starfinu felst kostnaðarefirlit. Eftir 3 ára starfstíma færist hann í launaflokk 10.

H Héraðsfulltrúi

9

Héraðsfulltrúi vinnur á skilgreindu starfssvæði og er svæðisbundinn fulltrúi Landgræðslunnar þar. Hann hefur umsjón með verkefnum á sínu starfssvæði og ber faglega ábyrgð á þeim. Hann sinnir öðrum verkþáttum sem falla undir héraðssetrið og hefur samskipti við félagasamtök og einstaklinga í samráði við yfirmann. Í starfinu felst kostnaðarefirlit og í sumum tilvikum árstíðabundin mannaforráð. Héraðsfulltrúi sem stýrir og ber ábyrgð á rekstri og starfsemi starfsstöðvar sinnar og sinnir mjög umfangsmiklu starfi og/eða fer með viðvarandi mannaforráð skal fá það metið til hækkunar launa. Eftir 3 ára starfstíma færist hann í launaflokk 10.

S Sviðsstjóri

15

Sviðsstjóri ber ábyrgð á starfsemi á sínu sviði. Hann fer með yfirstjórn verkþátta sviðsins og hefur samskipti við aðrar stofnanir, fyrirtæki, félagasamtök og einstaklinga. Hann ber ábyrgð á fjármálum sviðsins í samræmi við fjárhagsáætlun stofnunarinnar. Hann tekur einnig þátt í gerð fjárhagsáætlunar, stefnumótun og áætlanagerð um starfsemi stofnunarinnar almennt.

F Fagmálastjóri

17

Fagmálastjóri hefur með höndum stjórnun, samhæfingu og stefnumörkun. Hann skipuleggur og hefur umsjón með umfangsmiklum þverfaglegum verkefnum og á samskipti við ráðuneyti, stofnanir, og fyrirtæki. Hann annast einnig samskipti stofnunarinnar vegna alþjóðlegra samninga. Hann tekur einnig þátt í gerð fjárhagsáætlunar, stefnumótun og áætlanagerð um starfsemi stofnunarinnar almennt.


GA
AK IS


Gildistími.


Bókun þessi gildir frá 1. maí 2007 og er breyting á stofanasamningi Landgræðslu ríkisins og Félags íslenskra náttúrufræðinga, dags. 28. mars 2006.

Gunnarsholti 25. apríl 2007


F.h. Landgræðslu ríkisins



Sveinn Runólfsson


Jóna María Eiríksdóttir


Hulda Karlsdóttir

F.h. Félags íslenskra náttúrufræðinga


Gústav M. Ásbjörnsson


Ingibjörg Sveinsdóttir